

## RAMMASAMNINGUR

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og ljósmæðra, sem fengið hafa samþykkt SÍ til að starfa samkvæmt samningi þessum um þjónustu ljósmæðra vegna fæðinga og umönnunar sængurkvenna í heimahúsum.

### 1. gr. GILDISSVIÐ

Samningur þessi er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Hann varðar þjónustu ljósmæðra við sængurkonur í heimahúsum sem eru sjúkratryggðar skv. lögum nr. 112/2008.

### 2. gr. AÐILD

Samningur þessi tekur til löggiltra ljósmæðra, þ.á.m. brjóstagjafarráðgjafa, sem fullnægja kröfum skv. samningi þessum, sbr. 3. gr. Löggiltar ljósmæður sem vilja hefja störf skv. samningi þessum skulu senda um það erindi til SÍ. Umsóknareyðublað er fylgiskjal með samningi þessum. SÍ skulu svara erindinu innan mánaðar frá því það ásamt öllum nauðsynlegum gögnum berst. Í svari SÍ skal koma fram hvenær ljósmóður sé heimilt að hefja störf samkvæmt samningnum.

### 3. gr. KRÖFUR TIL LJÓSMÆÐRA

Þjónusta sú sem samningur þessi tekur til skal unnin af ljósmóður sem hlotið hefur viðurkenningu heilbrigðisyfirvalda til starfans.

Ljósmóðir skal uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit, sbr. faglegar leiðbeiningar fyrir heimaþjónustu ljósmæðra og faglegar lágmarkskröfur skv. lögum um landlækni nr. 41/2007, 6. gr. um heimaþjónustu ljósmæðra og heimafæðingar, sjá nánar heimasíðu Landlæknis:

<http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2189/version7/4515.pdf>

<http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2562/version5/3850.pdf>

Ljósmóðir skal gæta þess að tímasetningar á vitjunum til sængurkvenna standist sem best og gera þeim viðvart í tæka tíð, þurfi hún að breyta tíma.

Ljósmóðir skal sérstaklega gæta ákvæða laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

Ljósmóðir skal gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna með hliðsjón af fagmennsku í starfi.

Þegar ljósmóðir hefur lokið vitjunum til sængurkonu skal hún senda tilkynningu til heilsugæslustöðvar þar um.

Ljósmóðir skal viðhalda og bæta við þekkingu sína. Hún skal stunda góða viðurkennda ljósmæðraþjónustu.

### 4. gr. ÞÓKNUN

Greiðslur samkvæmt samningi þessum fara eftir gjaldskrá sem grundvallast á því að ljósmóðir starfi sem verktaki og beri sjálf allan kostnað við nauðsynleg tæki og annað sem starfi hennar fylgir, þ.m.t. bifreið. Verð hvernar einingar er kr. 227,43 frá 1. janúar 2014.

### Gjaldskrá fyrir ljósmæðraþjónustu:

Nr. gjaldliðar	Gjaldliður	Hámarks fjöldi vitjana	Ein.
60	Vitjun eftir heimafæðingu, frumbyrja (2,0 klst.). Miðað er við að vitjanir séu inna 10 daga frá fæðingu.	9	34
61	Vitjun eftir heimafæðingu, fjölbyrja (2,0 klst.). Miðað er við að vitjanir séu inna 10 daga frá fæðingu.	8	31
62	Vitjun eftir keisarafæðingu, B1 (2,0 klst.). Miðað er við að vitjanir séu innan 10 daga frá fæðingu. Sjá nánar skilgreiningu hér að neðan.	7	34
63	Vitjun eftir keisarafæðingu, B2 (2,0 klst.). Miðað er við að vitjanir séu innan 10 daga frá fæðingu. Sjá nánar skilgreiningu hér að neðan.	8	34
71	Vitjun eftir fæðingu A, frumbyrja (2,0 klst.). Sængurkona/barn flokkast í heilsufarsflokk A. Miðað er við að vitjanir séu innan 10 daga frá fæðingu. Sjá nánar skilgreiningu hér að neðan.	6	34
72	Vitjun eftir fæðingu A, fjölbyrja (2,0 klst.). Sængurkona/barn flokkast í heilsufarsflokk A. Miðað er við að vitjanir séu innan 10 daga frá fæðingu. Sjá nánari skilgreiningu hér að neðan.	5	31
73	Vitjun eftir fæðingu B (2,0 klst.) Sængurkona flokkast í heilsufarsflokk B. Miðað er við að vitjanir séu innan 10 daga frá fæðingu. Sjá nánar skilgreiningu hér að neðan.	8	34
74	Breyting á heilsufarsflokkun. Miðað er við að vitjanir séu innan 10 daga frá fæðingu. Sjá nánari skilgreiningu hér að neðan.	8	34
75	Vitjun eftir fæðingu C. Sængurkona flokkast í heilsufarsflokk C. Miðað er við að vitjanir séu innan 10 daga frá fæðingu. Sjá nánar skilgreiningu hér að neðan.	7	36
76	Vitjun brjóstgjöfarráðgjafa. Miðað er við að vitjanir séu innan 10 daga frá fæðingu. Sjá nánar skilgreiningu hér að neðan.	2	36
82	Vitjun fyrir heimafæðingu (2,0 klst.). Sjá nánar skilgreiningu	4	31
83	Aðstoð við heimafæðingu, þ.e. móttaka barns og aðstoð í framhaldi af því (20 klst.).	-	468
85	Bráðaútkall til sængurkonu eftir fæðingu (2,0 klst.). Sjá nánar skilgreiningu hér að neðan.	-	34
86	Vitjun eftir andvana fæðingu (2,0 klst.). Sjá nánar skilgreiningu hér að neðan.	7	34
87	Vitjun eftir fæðingu tvíbura (2,0 klst.).	8	46,5
89	Aðstoð við heimafæðingu sem endar á sjúkrahúsi. (1,0 klst.). Sjá nánar skilgreiningu hér að neðan.	-	23,4
90	Aðstoð við heimafæðingu sem endar á sjúkrahúsi (½ klst.) Sjá nánar skilgreiningu hér að neðan.	-	11,7
91	Aðstoð við heimafæðingu, ljósmóðir nr. 2. Sjá nánar skilgreiningu hér að neðan.		93
92	Akstursgjald í vitjun. Sjá nánar skilgreiningu hér að neðan.	-	-
93	Akstursálag. Sjá nánar skilgreiningu hér að neðan.	-	7

## Skilgreiningar:

### **Vitjun eftir keisarafæðingu, B1 (gjaldliður nr. 62)**

Heimilt er að nota gjaldliðinn fyrir umönnun sængurkvenna sem fara heim af fæðingardeild innan 48 klst. eftir keisaraskurð án fylgikvilla hjá konu og barni, sbr. heilsufarsflokkun A.

### **Vitjun eftir keisarafæðingu, B2 (gjaldliður nr. 63)**

Heimilt er að nota gjaldliðinn fyrir umönnun sængurkvenna sem fara heim af fæðingardeild innan 48 klst. eftir keisaraskurð með fylgikvillum hjá konu eða barni, sbr. heilsufarsflokkun B.

### **Vitjun eftir fæðingu, A (gjaldliðir nr. 71 og 72)**

Vitjun eftir fæðingu til sængurkvenna í heilsufarsflokki A miðast við umönnun sængurkvenna og barna sem fara heim af fæðingardeild innan 36 klst. eftir fæðingu.

### **Vitjun eftir fæðingu, B (gjaldliður nr. 73)**

Vitjun eftir fæðingu til sængurkvenna í heilsufarsflokki B miðast við umönnun sængurkvenna og barna sem fara heim af fæðingardeild innan 48 klst. eftir fæðingu.

### **Breyting á heilsufarsflokkun (gjaldliður nr. 74)**

Með breytingu á heilsufarsflokkun er átt við að sængurkona/barn færist úr heilsufarsflokki A yfir í B vegna breytts heilsufarsástands móður eða barns. Vitjanir frá og með breytingu eru færðar undir þennan gjaldlið. Hámarksfjöldi vitjana breytist í samræmi við nýja flokkun. Þegar gerður er reikningur skal liggja fyrir afrit af greinargerð í vörslu ljósmóður þar sem tilgreindar eru ástæður breytingarinnar. Sí geta kallað eftir afriti eftir þörfum.

### **Vitjun eftir fæðingu, C (gjaldliður nr. 75)**

Í sérstökum undantekningartilvikum geta mæður og börn útskrifast frá 48 - 72 klst. frá fæðingu og þegið heimaþjónustu ljósmæðra þrátt fyrir töluverð frávík í heilsufari barns eða móður. Metið vandlega af ábyrgum lækni og heimaþjónustuljósmóður.

### **Vitjun brjóstgjafarráðgjafa eftir fæðingu (gjaldliður nr. 76)**

Heimilt er að nota gjaldliðinn fyrir sængurkonu sem á við alvarleg brjóstgjafarvandamál (s.s. sýkingar, erfið sár, sogvillu) að etja eftir fæðingu og þarf sérstaka ráðgjöf frá sérmenntuðum brjóstgjafarráðgjafa að mati ljósmóður sængurkonunnar. Brjóstgjafarráðgjafi skal skila greinargerð um ráðgjöfina, sbr. fylgiskjal V. Brjóstgjafarráðgjafa mega þeir einir titla sig sem hafa lokið alþjóðlegu prófi á vegum The International Board of Lactation Consultant Examiners og hafa haldið þeim réttindum við.

### **Vitjun fyrir heimaþjónustu (gjaldliður nr. 82)**

Í vitjun fyrir fæðingu fer fram heilsufarsmat verðandi móður, fræðsla og undirbúningur fyrir verðandi foreldra sem óska eftir aðstoð ljósmóður við heimaþjónustu. Fæðingaráætlun er sett upp í samvinnu við verðandi foreldra.

### **Bráðaútkall (gjaldliður nr. 85)**

Með bráðaútkalli er átt við útkall sem er ófyrriséð og óhjákvæmilegt vegna breytts heilsufarsástands móður eða barns. Þegar gerður er reikningur fyrir bráðaútkalli skal skila Sí greinargerð, sjá nánar fylgiskjal IV, þar sem tilgreint er á hvaða tíma farið var í útkall og ástæða þess.

**Vitjun eftir andvana fæðingu (gjaldliður nr. 86)**

Vitjun eftir andvana fæðingu miðast við fæðingu andvana barns eftir 22. meðgönguviku.

**Aðstoð við heimafæðingu sem endar á sjúkrahúsi (gjaldliður nr. 89 og 90)**

Purfi ljósmóðir að leita aðstoðar á sjúkrahúsi vegna fæðandi konu á ljósmóðir rétt á greiðslu fyrir þann tíma sem hún hefur sinnt konunni.

**Aðstoð við heimafæðingu, ljósmóðir nr. 2. (gjaldliður nr. 91)**

Kalli ljósmóðir á aðra ljósmóður til aðstoðar við heimafæðingu, fær sú síðarnefnda greitt votti móðirin aðild hennar að heimafæðingunni. (Greiðsla nemur andvirði þriggja vitjana fyrir heimafæðingu).

**Akstursgjald í vitjun (gjaldliður nr. 92)**

Gildir utan höfuðborgarsvæðisins (höfuðborgarsvæðið telst vera Reykjavík (að undanskildu Kjalarnesi), Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Álftanes, Hafnarfjörður) og þéttbýli Akureyrar (póstnúmer 600 og 603). Akstursgjald til sængurkonu sem býr í 5 km fjarlægð eða meira frá heimili ljósmóður (miðað við stystu akstursleið) greiða SÍ fyrir hvern km umfram 10 km í hverri vitjun samkvæmt taxa fjármálaráðuneytisins miðað við 10.000 km. akstur á ári og sérstakt gjald (malarvegagjald), ef við á. Gera skal sérstakan akstursreikning með tilgreindum km-fjölda ásamt nafni og heimili sængurkonu aðskilinn frá reikningi vegna ljósmæðraþjónustu, sbr. fylgiskjal VI. Áskilið er að við val á ljósmóður sé þess gætt að hún eigi sem stysta leið að fara í viðkomandi vitjun. Með heimili er að jafnaði átt við lögheimili nema um styttri vegalengd sé að ræða.

Heimilt er að greiða akstursgjald innan höfuðborgarsvæðisins og í þéttbýli Akureyrar vegna þjónustu við heimafæðingar skv. ofangreindum reglum.

Sé ljósmóðir starfandi í afleysingum á heilbrigðisstofnun eða dvelur fjarri heimili sínu greiðist akstursgjald frá dvalarstað ljósmóður vegna þjónustu hennar við sængurkonur í heimahúsum skv. ofangreindum reglum.

**Akstursálag (gjaldliður nr. 93)**

Gildir utan höfuðborgarsvæðisins (Reykjavík að undanskildu Kjalarnesi, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Álftanes, Hafnarfjörður) og þéttbýli Akureyrar (póstnúmer 600 og 603): Akstursálag miðast við hverja ferð til sængurkonu sem býr í 5 km fjarlægð eða meira frá heimili ljósmóður miðað við stystu akstursleið. Greiddar eru 7 einingar fyrir hvern byrjaðan hálf tíma í samanlögðum aksturstíma fram og til baka. Í þéttbýli er þó vegna þjónustu við heimafæðingar heimilt að greiða 7 einingar í hvert skipti (vitjun eða fæðing) í akstursálag.

**Sértakar undanþágur í gjaldskrá:**

Í sértökum undantekningartilfellum geta mæður útskrifast eftir 72 klst. - 86 klst. frá fæðingu og þegið heimaþjónustu ljósmæðra. Slíkar undantekningar eru háðar beiðni frá barnalækni.

**Ósjúkratryggðar sængurkonur og sjúkratryggð börn**

Greitt er sem nemur 50% kostnaðarins vegna vitjana eftir fæðingu til ósjúkratryggðra sængurkvenna enda sé sýnt fram á að barnið sé sjúkratryggt á Íslandi (þ.e. að faðir barnsins sé sjúkratryggður á Íslandi og að barnið sé skráð með búsetu hér landi), sbr. 10. gr. laga um nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.



**5. gr.**  
**UMÖNNUN SÆNGURKVENNA**

Umönnun sængurkvenna er samkvæmt heilsufarsflokkun í gátlista, sjá nánar fylgiskjal II um heilsufarsflokka A, B og C.

**6. gr.**  
**SKÝRSLA LJÓSMÓÐUR**

Ljósmæður gefa út sérstaka skýrslu vegna umönnunar sængurkvenna í heimahúsum, sjá nánar fylgiskjal III. Móðir sem fæðir heima skal fá afrit af henni til þess að framvísa hjá viðkomandi umboði SÍ með umsókn um dagpeninga vegna fæðingar í heimahúsi, sbr. 11. mgr. 32 gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

**7. gr.**  
**GREIÐSLUPÁTTAKA SÍ**

SÍ greiða ljósmæðrum fyrir þjónustu sem veitt er samkvæmt samningi þessum, sbr. 4. gr. Sjúkratryggð sængurkona greiðir ekki fyrir þjónustuna, sbr. 3. tl. 29. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

**8. gr.**  
**REIKNINGAR OG GREIÐSLUTILHÖGUN**

Reikningar ásamt tilheyrandi gögnum, sbr. 4. og 6. gr. skulu sendir SÍ í því formi, sem lög gera ráð fyrir og að öðru leyti uppfylla þau skilyrði, sem sett kunna að verða.

Reikningar skulu vera fyrirfram tölusettir. Þeir skulu vera með nafni og kennitölu ljósmóður. Jafnframt skal koma fram nafn, kennitala og heimili sængurkonu, hvaða dag og hvers konar þjónusta var veitt samkvæmt gjaldskrá ásamt gjaldskrárnúmeri. Ef þjónusta er veitt annars staðar en á lögheimili sængurkonu skal það tekið fram.

Sængurkona skal staðfesta með undirskrift sinni hverja vitjun ljósmóður.

Fyrirtækjum sem eru alfarið í eigu ljósmæðra er við þau starfa skal vera heimilt að senda SÍ reikninga fyrir verk sem unnin eru af ljósmæðrum sem hafa heimild til að vinna eftir samningi þessum. Einstakir reikningar skulu þó eftir sem áður merktir viðkomandi ljósmóður. Þessi reikningsskilamáti skal í engu breyta stöðu ljósmóður gagnvart sjúkratryggðum og SÍ.

Ljósmæður skulu leggja sér sjálfar til öll reikningseyðublöð og önnur gögn vegna starfsemi sinnar.

Stefnt skal að því að ljósmæður geti sent reikninga til SÍ með rafrænum hætti.

SÍ geta hvenær sem er skriflega óskað skýringa á reikningi og ber reikningseiganda að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að:

- greiða reikning með fyrirvara
- hafna greiðslu reiknings

Reikningar fyrir þjónustu hvers mánaðar þurfa að berast SÍ fyrir 15. næsta mánaðar. Séu reikningarnir athugasemdalausir greiða SÍ reikninga inn á bankareikning ljósmóður innan 15 daga frá móttöku þeirra.



**9. gr.**  
**AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM**

Læknar eða eftir atvikum aðrir heilbrigðisstarfsmenn SÍ skulu hafa aðgang að þeim sjúkraskrár ljósmóður er varða þjónustu hennar við sængurkonur í samræmi við 4. mgr. 45. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

**10. gr.**  
**ÁBYRGÐ**

Ljósmóðir skal hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi.

Auk almennra skaðabótareglna ber ljósmóðir ábyrgð á tjóni, sem hlýst af ágalla á tækjum, sbr. lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 og skal hún gæta þess að vera váttryggð fyrir slíku tjóni.

**11. gr.**  
**KVARTANIR**

Ljósmóðir eða SÍ geta hvor um sig óskað eftir fundi þar sem aðilar fara yfir álitamál eða kvartanir varðandi samninginn og samskipti bæði innbyrðis og við hina sjúkratryggðu.

**12. gr.**  
**EFTIRLIT**

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga.

Eftirlit SÍ getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við ljósmæður og öflun upplýsinga hjá þeim sem notið hafa þjónustunnar, sbr. 4. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Ljósmæðrum er skylt að veita læknum eða eftir atvikum öðrum heilbrigðisstarfsmönnum SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

Landlæknir hefur eftirlit með að umsamin þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

**13. gr.**  
**VANEFNDIR OG AÐGERÐIR VEGNA VANEFNDA**

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að ljósmóðir uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta honum og heimta bætur fyrir fjártjón af viðkomandi ljósmóður. Með sama hætti skal ljósmóður heimilt að rifta samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningi aðila lýkur.

Sannist vanefndir skulu aðgerðir SÍ vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.



14. gr.  
**LOK STARFSEMI OG FLEIRA**

Ljósmóðir sem ekki vill lengur starfa samkvæmt samningi þessum skal tilkynna það skriflega til SÍ með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

SÍ er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart ljósmóður sem uppfyllir ekki skyldur sínar skv. samningnum. Sé um misferli að ræða geta SÍ þó fyrirvaralaust sagt upp samningnum gagnvart viðkomandi ljósmóður.

15. gr.  
**DÓMSMÁL**

Rísi mál út af samningi þessum skal það lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

16. gr.  
**GILDISTÍMI**

Samningurinn gildir frá og með 1. janúar 2014 til og með 31. desember 2014.

Hafi nýr samningur ekki komist á við lok samningstímans skal starfað áfram eftir samningi þessum einn mánuð í senn, á meðan báðir aðilar samþykkja.

17. gr.  
**FYRIRVARAR**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki heilbrigðisráðherra og fjárhagslegar skuldbindingar í samningnum eru með fyrirvara um nauðsynlegar heimildir í fjárlögum.

**ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA**

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. samningsins verða þær ljósmæður, sem áttu aðild að eldri samningi, dags. 7. desember 2012, sjálfkrafa aðilar að samningi þessum nema þær sendi tilkynningu um annað til SÍ fyrir 15. janúar 2014

Reykjavík, 12. desember 2013

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

*Guðlaug Þjörnsdóttir*  
*Stjórnariðgjafi*

Staðfesting heilbrigðisráðherra

*Kristján Þór Júlíusson*



Sjúkratryggingar Íslands  
 Laugavegi 114-116  
 150 Reykjavík  
 Sími 515-0000  
[www.sjukratryggingar.is](http://www.sjukratryggingar.is)

## Umsókn um aðild að rammasamningi ljósmæðra og Sjúkratrygginga Íslands

1. Nafn ljósmóður		2. Kennitala
3. Dagsetning á útgáfu löggildingar	4. Meðfylgjandi sérfræðileyfi? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	5. Sjálfstæður rekstur hefst:
6. Aðsetur		7. Netfang

8. Starfar ljósmóðir annarsstaðar? Hvar?

9. Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókn:

- Staðfesting á sjúklingatryggingu
- Staðfesting á starfsábyrgðartryggingu (frjáls ábyrgðartrygging)
- Löggilding
- Staðfesting landlæknis á sjálfstæðum rekstri ljósmóður

10. Athugasemdir:

**11. Greiðslur Sjúkratrygginga Íslands skv. ofangreindum samningi skal greiða inn á eftirfarandi reikning:**

Banki      höfuðb.      Reikningsnr.

12. Staður og dagsetning	13. Undirskrift ljósmóður
--------------------------	---------------------------



## Heilsufarsflokkun sængurkonu og barns

Gátlisti vegna beiðni um heimaþjónustu í sængurlegu, hringt frá: \_\_\_\_\_

Nafn \_\_\_\_\_ Nafn maka \_\_\_\_\_  
 Kennitala \_\_\_\_\_ Para \_\_\_\_\_  
 Heimilisfang \_\_\_\_\_ F.d./tími \_\_\_\_\_  
 Sími \_\_\_\_\_ Kyn ♀ ♂  
 Þyngd \_\_\_\_\_

Móðir:	A	B	C
Lífsmörk	Eðlileg	Frávik, þarfnast eftirlits	Óeðlileg
Blæðing	<800ml	≥800ml, <1500ml, stöðug	≥1500ml
Fæðingaráverki	Enginn, 1°-2°, episiotomia	3°-4°, hematoma	
Þvaglát	Eðlileg	Með þvaglegg	
Daglegar athafnir	Sjálfbjarga	Örþreytt móðir, sbr. ICD O75.0	Ekki sjálfbjarga
Meðgöngueitrun/ háþrýstingur	Nei	Vægt, þarfnast eftirlits	Alvarlegt
Sykursýki GDM/DM	Nei	Góð blóðsykurstjórnun	Slæm bs-stjórnun +/- lyf
Fjölburar	Nei	Tvíburar án fylgikvilla	
Keisaraskurður	Nei	Án fylgikvilla e.24 klst.	Með fylgikvillum
Sérstök lyfjagjöf	Nei (almenn lyf)	Já (ný, lyfseðilskyld lyf)	Þarfnast frekara eftirlits
Sýkingar	Nei	Þarfnast eftirlits	Ógna lífi móður
Geðraskanir	Í andlegu jafnvægi	Þungl./kvíðarösk/PTSD	Þarfnast frekara eftirlits
Félagslegar aðstæður	Ásættanlegar	Samskipti gegnum túlk	Ekki ásættanlegar

Barn:	A	B	C
5 mín Apgar /lífsmörk	≥7 eða lífsmörk eðlileg		<7 og lífsmörk óeðlileg
Meðgöngulengd	37-42v	Lítill frávik (near term)	Fyrirburi
Þyngd	Eðlileg m.v. meðgöngulengd.	Léttburi, nærast mjög vel	Léttburi, nærast ekki vel
Næring	Án vandræða, brjóst/peli	Erfiðleikar við gjafir	Ekki eðlileg
Útskilnaður	Án vandræða		Ekki eðlilegur
Blóðsykurstjórnun	Ávallt stöðug, ef mælt	Stöðug nú	Ekki stöðug
Sýkingar	Nei		Ógna lífi barns
Rhesus varnir	Neg Coombs, ef mælt	Pos Coombs, ekki gult	
Gula	Nei	Væg, eftir 1. sólarhring	Óeðlileg innan 24 klst.
Fósturæð	Lokuð	Opin	
Alvarleg vandamál	Ekki greind við skimun		Greind við skoðun

## Heilsufarsflokkun A, B og C:

A: Heimaþjónusta án vandamála.

B: Heimaþjónusta með minniháttar frávikum (nægir að eitt atriði sé til staðar).

C: Heimaþjónusta eftir innlögn vegna alvarlegra frávíka (nægir að eitt atriði sé til staðar).

### Skráning og upplýsingagjöf:

Heilsufarsvandamál í B- og C-hópi skulu skráð:

1. Í mæðraskrá og/eða á barnablað við útskrift af fæðingarstað, eða:
2. Af heimaþjónustuljósmóður ef vandamál koma upp í sængurlegu. Upplýsingum skal komið til heilsugæslu með ljósmæðrabréfi.

Skrifleg fyrirmæli lækni eða ljósmóður skulu fylgja móður og barni í B- eða C-hópi.

Mæður og börn í C-hópi útskrifast einungis í völdum undantekningartilvikum. Metið vandlega af ábyrgum lækni og heimaþjónustuljósmóður.

Mikilvægt er að sú ljósmóðir sem flokkar móður og gefur ljósmóður í heimaþjónustu upplýsingar sé búin að lesa vel mæðraskrá ásamt fæðingarsögu.

### Heilsufarsflokkur A:

Mæður og börn sem geta farið heim af sjúkrahúsi innan 36 klst. frá fæðingu og þegið heimaþjónustu ljósmæðra eru:

- Móðir sem á að baki eðlilega meðgöngu og fæðingu og þarf ekki sérhæft eftirlit eða meðferð vegna heilsufarsvandamála sem ógnað geta heilsu hennar fyrstu vikuna eftir fæðingu.
- Barn sem ekki þarf sérhæft eftirlit eða meðferð vegna heilsufarsvandamála sem ógnað geta heilsu þess fyrstu vikuna eftir fæðingu.

### Heilsufarsflokkur B:

Í ákveðnum tilvikum geta mæður og börn útskrifast frá 36 - 48 klst. frá fæðingu og þegið heimaþjónustu ljósmæðra þrátt fyrir minniháttar frávik í heilsufari eða erfiða meðgöngu og/eða fæðingarreynslu. Ákvörðunin er ávallt tekin með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni í samráði móður/fjölskyldu og fagfólk. Mikilvægt er að fræða móður/foreldra/fjölskyldu um aðstæður sem gætu leitt til endurinnlagnar móður og/eða barns á sjúkrahús.

- Greindir hafa verið minniháttar áhættuþættir hjá móður en ástand hennar er metið stöðugt við útskrift. Móðir er sjálfbjarga um daglegar athafnir og er í andlegu og líkamlegu jafnvægi.
- Greindir hafa verið minniháttar áhættuþættir hjá barni en ástand þess er metið stöðugt við útskrift.

### Heilsufarsflokkur C:

Ekki er mælt með að ljósmæður taki að sér í heimaþjónustu fyrir mæður og börn sem greind hafa verið með alvarleg heilsufarsvandamál sem þarfnast náins eftirlits og/eða sem ógna lífi þeirra. Í sérstökum undantekningartilvikum geta mæður og börn útskrifast frá 48 - 72 klst. frá fæðingu og þegið heimaþjónustu ljósmæðra þrátt fyrir töluverð frávik í heilsufari barns eða móður. Metið vandlega af ábyrgum lækni og heimaþjónustuljósmóður.

## **Nánari skilgreiningar:**

### **Móðir:**

#### Lífsmörk:

B = Lífsmörk hafa mælst utan eðlilegra marka og þurfa sérstakt eftirlit ljósmóður í heimaþjónustu.

#### Daglegar athafnir:

B = ICD-10 greining, kóði O75.0, móðurnauð í hríðum og fæðingu. Skráð í mæðraskrá og skýrslu ljósmóður sem „örþreytt móðir”.

#### Sérstök lyfjagjöf:

A = Móðir tekur lyf án lyfseðils, s.s. verkjalyf eða hægðalyf; móðir tekur áfram lyf sem hún hefur tekið að staðaldri um nokkurn tíma, s.s. skjaldkirtilslyf.

B = Móðir hefur fengið ný, lyfseðilskyld lyf á síðari hluta meðgöngu eða eftir fæðingu, sem enn þarf að meta verkun af og hafa eftirlit með.

#### Sýkingar:

B = Sýkingar sem þarfnast eftirlits en stefna móður ekki í bráða hættu, s.s. sýkingar í brjóstum, þvagfærasýkingar og vægar sýkingar í legi (meðhöndlaðar með lyfjum um munn).

#### Geðraskanir:

B = Þunglyndi eða kvíðaröskun sem hefur verið greind af lækni og unnt er að meðhöndla með árangursríkum hætti án innlagnar. Einnig áfallastreituröskun tengd nýlegu áfalli, s.s. andvana fæðingu eða fæðingu fatlaðs eða langveiks barns.

#### Félagslegar aðstæður:

B = Samskipti við móður fara fram í gegnum túlk. Aðrar félagslegar aðstæður, s.s. stuðningur við móður, flokkast ýmist A eða C. Ef C: Leita til félagsþjónustu og meta hvort móðir geti útskrifast í heimaþjónustu.

### **Barn:**

#### Næring:

B = Veruleg aðstoð við brjóstgjöf, s.s. mjaltavél, mjólkurvigtanir, fingurgjafir, sár á geirvörtum sem þarfnast virkrar meðferðar. Notkun á hatti fellur í flokk A.

#### Gula:

B = Gula sem kallar á sérstakt eftirlit eða meðferð, s.s. með blóðprufum og/eða ljósameðferð.

## Skýrsla ljósmóður

1. Nafn móður		2. Kennitala
3. Heimilisfang	4. Póstnúmer	5. Staður
6. Nafn ljósmóður, kennitala, aðsetur og sími		7. Dagsetning
		8. Undirskrift ljósmóður
9. Banki, höfuðbók og reikningsnúmer		

## Fæðing

10. Fæðing áætluð samkv. ómsk. dags.	11. Fæðing hófst dags. kl.	12. Fæðingu lauk dags. kl.
13. Fæðing átti sér stað <input type="checkbox"/> Í heimahúsi <input type="checkbox"/> Á sjúkrahúsi	14. Fæðing á sjúkrahúsi. Hvar og hvenær útskrifaðist móðir?	
15. Fæðing hófst heima en lauk á sjúkrahúsi Hvar og hvenær útskrifaðist móðir?		

## Heilsufarsflokkun

16. Flokkun móður <input type="checkbox"/> A <input type="checkbox"/> frumbyrja <input type="checkbox"/> fjölbyrja <input type="checkbox"/> B <input type="checkbox"/> keisari B1 <input type="checkbox"/> keisari B2 <input type="checkbox"/> C	17. Nafn ljósmóður sem framkvæmir flokkun
18. Breyting á heilsufarsflokkun úr A yfir í B <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei    Ef já, vegna <input type="checkbox"/> móður <input type="checkbox"/> barns	19. Ljósmæðrabréf sent á heilsugæslustöð
20. Bráðaútkall ljósmóður <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei    Ef já, sjá greinargerð vegna bráðatilfellis.	
21. Brjóstgjafarráðgjöf <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei    Ef já, sjá greinargerð brjóstgjafarráðgjafa.	

## Vitjun fyrir fæðingu, kvittun verðandi móður.

Dagsetn.	Kvittun	Dagsetn.	Kvittun
Kvittun vegna fæðingar			

## Vitjun eftir fæðingu, kvittun móður

Dagsetn.	Kvittun	Dagsetn.	Kvittun	Dagsetn.	Kvittun

Breyting á heilsufarsflokkun úr A yfir í B í vitjun dagsetn. \_\_\_\_\_

Kvittun móður \_\_\_\_\_

Heimþjónusta ljósmæðra  
Greinargerð vegna bráðatilfellis



Fylgiskjal IV  
Sjúkratryggingar Íslands

Laugavegi 114-116  
150 Reykjavík  
Sími 515-0000  
www.sjukratryggingar.is

Nafn móður	Kennitala
------------	-----------

Dags. bráðaútkalls	Klukkan
Ástæða bráðaútkalls	Kvittun móður v. bráðaútkalls

Dags. bráðaútkalls	Klukkan
Ástæða bráðaútkalls	Kvittun móður v. bráðaútkalls

Dags. bráðaútkalls	Klukkan
Ástæða bráðaútkalls	Kvittun móður v. bráðaútkalls

Greinargerð
-------------

Nafn ljósmóður	Kennitala
----------------	-----------

Heimaþjónusta ljósmæðra  
Greinargerð brjóstagjafarráðgjafa



Fylgiskjal V  
Sjúkratryggingar Íslands

Laugavegi 114-116  
150 Reykjavík  
Sími 515-0000  
www.sjukratryggingar.is

1. Nafn móður		2. Kennitala
3. Heimilisfang	4. Póstnúmer	5. Staður

6. Tilvísandi ljósmóðir	7. Dagsetning tilvísunar
8. Ástæða brjóstagjafarráðgjafar	

9. Nafn brjóstagjafarráðgjafa, kennitala, aðsetur og sími
10. Banki, höfuðbók og reikningsnúmer

11. Greinargerð brjóstagjafarráðgjafa til tilvísandi ljósmóður eða heilsugæslu	
12. Dagsetning ráðgjafar	13. Undirskrift brjóstagjafarráðgjafa

Kvittun móður \_\_\_\_\_

## Akstursdagbók - akstursreikningur ljósmóður

1. Nafn móður		2. Kennitala
3. Heimilisfang	4. Póstnúmer	5. Staður
6. Nafn ljósmóður, kennitala, aðsetur og sími		7. Dagsetning
		8. Undirskrift ljósmóður
9. Banki, höfuðbók og reikningsnúmer		

## 10. Akstur

Dags.	Hvaðan og hvert var ekið	KM álestur		Samtals eknir km
		Brottför	koma	
<b>Samtals eknir km</b>				
<b>kr/km</b>				
<b>Samtals</b>				

## 11. Athugasemdir

--

